



Þjóðmenningarhús, miðvikudagur 16. maí kl. 14:00

TILNEFNINGAR TIL FORELDRAVERÐLAUNANNA 2012

DÓMNEFND 2012 SKIPA:

Borghildur Jósúadóttir
formaður dómnefndar
Heimili og skóli

Árni Guðmundsson
verkefnastjórn um
aðgerðir gegn einelti

Guðbjörg Jónsdóttir
skóla- og frístundasvið
Reykjavíkurborgar

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir
formaður foreldrafélags
Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Haraldur Freyr Gíslason
formaður Félags
leikskólakennara

Amalía Björnsdóttir
Menntavísindasvið
Háskóla Íslands

Sigríður Lára Ásbergisdóttir
mennta- og
menningarmálaráðuneytið

Heimili og skóli þakka dómnefnd
vel unnin störf.

DAGSKRÁ:

Tónlistarflutningur við innkomu
Ragnheiður Maríu Benediktsdóttir, nemandi í 5. bekk Vesturbæjarskóla
og við Tónskólann Do Re Mí

Setning
Ketill Berg Magnússon, formaður Heimilis og skóla

Ávarp
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Greint frá niðurstöðum dómnefndar
Borghildur Jósúadóttir, formaður dómnefndar

Afhending Foreldraverðlaunanna 2012

Athöfn slitið
Borghildur Jósúadóttir, formaður dómnefndar

Söngatriði
Börn af leikskólanum Sunnuási flytja nokkur lög

Að lokinni dagskrá er gestum boðið
upp á léttar veitingar

Verðlaunagripir Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2012
eru hannaðir af Koggu, leirlistakonu

Heimili og skóli þakka eftirtöldum aðilum
stuðning við Foreldraverðlaunin 2012:

Kogga, leirlistakona
Blómagallerí

Ísafoldarprentsmiðja
IKEA



Heimili og skóli
Landsamtök foreldra



1992 - 2012

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
1	FFGÍR -foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ	Að efla samstarf foreldra og samstarf heimila og skóla. Vera málsvari foreldra.
2	Stefnumót Foreldrafélag Vogaskóla	Að fá nemendur, foreldra og kennara til að ræða saman um leiðir til að stuðla að jákvæðum samskiptum, góðum bekkjaranda og skólabrag. Einnig að hugsa upp leiðir til að styrkja fjölþjóðlegt samfélag í skólanum. Allir þurfa að horfa á viðfangsefnið með augum hvers annars og setja sig í spor nemenda, kennara og foreldra.
3	Íþróttafjör fyrir 1. og 2. bekk allra grunnskóla Mosfellsbæjar Vilberg Sverrisson og Hlynur Chadwick Guðmundsson	Að börnin fái tækifæri til að prófa þær íþróttgreinar sem í boði eru í sveitarfélaginu Mosfellsbæ.
4	Íbúafundur um fjölskyldumál Foreldrafélag Austurbæjarskóla	Að fá stjórnvöld til að skoða hverfið sem íbúahverfi - ekki bara hverfi fyrir spítala, umferð og ferðafólk.
5	Gagnvirkar skólatöflur í Hofsstaðaskóla, Garðabæ Sigríður Guðlaugsdóttir	Að útvega gagnvirkar skólatöflur fyrir Hofsstaðaskóla.
6	Námshagnasjóður Foreldrafélags Menntaskólans í Kópavogi Foreldrafélag Menntaskólans í Kópavogi	Námshagnasjóðnum er ætlað að styðja við bakið á þeim nemendum sem af fjárhagsástæðum eiga ekki kost á að kaupa námsbækur eða greiða skólagjöld.
7	Ævintýraveröld við Krílakot Foreldrafélag og foreldrar barna í leikskólanum Krílakoti	Að byggja upp lóðina í kringum leikskólann og gera áætlun um að verkefnið verði lifandi um ókomna tíð. Að foreldrar séu þátttakendur og móti útsvæði barna sinna í samstarfi við kennara og starfsmenn Krílakots.

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
25	Þóroddur Helgason	Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, hefur haft einstaklega hvetjandi áhrif á foreldrasamstarf í Fjarðabyggð. Þóroddur átti frumkvæði að og hvatti til stofnunar Fjarðaforeldra sem er svæðisráð foreldrafélaga í Fjarðabyggð. Í maí 2009 leiddi hann saman stjórnir foreldrafélaga í Fjarðabyggð og veitti einstakan stuðning þegar ráðið var stofnað. Stofnun Fjarðaforeldra hefur styrkt allt samstarf foreldra í Fjarðabyggð og verið lyftistöng fyrir foreldrasamstarf í bæjarfélaginu. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan Þórodds og framgöngu hans sem svo vel hefur tekist til að efla samstarfsvettvang foreldra eftir sameiningu fimm sveitarfélaga í eitt. Í nýju sameinuðu sveitarfélagi hefur tekist að skapa skólabrag þar sem leitað er sérstaklega eftir röddum og sjónarmiðum foreldra. Þóroddur stóð fyrir því að orðið var við erindi frá Fjarðaforeldrum þar sem óskað var eftir að skólanámskrár grunnskólanna yrðu bornar saman svo jafnræðis væri gætt milli skólanna. Þessi samanburður leiddi til þess að fram fór mikil endurnýjun á skólanámskránum sem varð til mikilla bóta fyrir foreldra í sveitarfélaginu.
26	Frístundabíllinn, Hafnarfirði	Markmið Frístundabílsins er að grunnskólabörn geti hafið æfingar og tómsundur fyrir á daginn og þá helst strax eftir skóla.
27	Tónlistarkennsla í víðu samhengi Inga Björg Stefánsdóttir	Að auka almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal grunnskólabarna.
28	Forvarnar- og félagsstarf fyrir unglinga á Seltjarnarnesi Margrét Sigurðardóttir og starfsfólk Selsins	Að koma í veg fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu meðal ungmenna á Seltjarnarnesi og stuðla að heilbrigðum samskiptum og lífsháttum.

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
21	Kleinubakstur Sundfélags Akraness Katrín Leifsdóttir	Kleinubakstur hefur verið ein helsta fjáröflun Sundfélags Akraness og hefur Katrín haldið honum gangandi nánast að öllu leyti. Kleinubakstur Sundfélagsins hefur fest sig í sessi í samfélaginu. Sundfélagið á fasta viðskiptavini og hefur Katrín séð til þess að bakað er einu sinni í mánuði, 10 mánuði á ári. Árangurinn er sá að félagið hefur getað haldið úti sterkara starfi með sínum iðkendum og svo hefur kleinubaksturinn fært foreldrahópinn betur saman.
22	Gangbrautavarsla foreldra barna í Naustaskóla á Akureyri Foreldrar í Naustaskóla	Foreldrar í Naustaskóla sinna gangbrautavörslu við skólann allan veturinn. Foreldrar skipta með sér dögum yfir veturinn. Gangbrautarverðir eru klæddir í endurskinsvesti sér til auðkenningar og öryggis. Verkefnið hefur verið í gangi í nokkur ár og alltaf gengið vel að manna gangbrautarvörsluna. Verkefnið stuðlar að auknu umferðaröryggi barna við skólann, minni ökuhraða og hvetur börn til að fara gangandi/hjólandi í skólann.
23	Söngleikjaverkefni í Grundaskóla Grundaskóli: Flosi Einarsson, Einar Viðarsson, Gunnar Sturla Hervarsson og Friðrika Eygló Gunnarsdóttir	Markmið með söngleikjaverkefninu eru fjölmörg og tengjast þau beint eða óbeint inn í námskrá skólans. Slík verkefni eru hins vegar mjög kostnaðarsöm, taka langan tíma og eru að mestu leyti unnin utan við hefðbundinn skólatíma. Foreldrar hafa stutt þessi verkefni með mikilli sjálfböðavinnu og öflugri þáttöku með börnum sínum. Aðkoma foreldra er margvísleg og í senn mjög mikilvæg því mörg verk þarf að vinna við slíka uppsetningu.
24	Skákkennsla í Hvaleyrarskóla Steinar Ó. Stephensen	Að kynna undirstöðu skákípróttarinnar fyrir nemendum. Steinar hannaði árið 1998 kennslufnið Skák í skólum með styrk frá Kennarasambandi Íslands og nýtir það við kennsluna. Skák er fyrst og fremst íþrótt hugans og er góð þjálfun í rökhusun. Nemendur þurfa að hugsa um hvern einasta leik, sjá fram í tímann og meta valkosti. Skákin þjálfar nemendur þannig í ákvarðanatöku, einbeitingu og rökhusun.

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
8	Þróunarverkefni um foreldrasamstarf í Hveragerði Erna S. Ingvarsdóttir	Að efla foreldrasamstarf í skólum bæjarins með fyrirlestur, kaffimorgnum og rýnihópaviðtölum með foreldrum og nemendum.
9	Betri bær – list án landamæra Leikskólinn Tjarnarland – Bryndís Skúladóttir	Betri bær - List án landamæra er heiti á þróunarverkefni sem byggir á samstarfi leikskólans Tjarnarlands á Egilsstöðum, Félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði og Stólpa – hæfing, iðja og verkþjálfun fyrir fatlað fólk. Samstarfið byggir á þeirri sýn að afar mikilvægt sé í uppeldi og menntun ungra barna að kenna þeim að bera virðingu fyrir öðru fólki óháð aldri, viðhorfum, kynþætti, uppruna menningu og atgervi.
10	Enn betri foreldrar – enn betri borg Sigríður Ásta Eypórsdóttir	Að auðvelda aðlögun nemenda og foreldra þegar þeir byrja í 8. bekk Hagaskóla. Bæta samskipti og skapa góðan bekkjarbrag hjá nýju bekkjunum og að vinna með bætt samskipti unglinga og foreldra þeirra.
11	Foreldrafélag Álfhólsskóla	Stofnun nýs foreldrafélags eftir sameiningu Hjalla- og Digranesskóla. Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum. Foreldrafélagið hefur mótað ákveðna sýn á starfsemi foreldrafélags hins nýja sameinaða skóla þar sem sterkir póstar foreldrafélaganna úr báðum skólum voru teknir og aðlagðir. Eftir farsæla tveggja ára vinnu hefur það sýnt sig að starfsemi foreldrafélagsins hefur fest sig í sessi. Það er bæði virkt og til fyrirmyndar.
12	Góð samskipti til framtíðar Galina A. G. Andersen, Kristín Vilhjálmisdóttir, Eypóra K. Geirsdóttir, tveir kennarar Hólabrekkuskóla: Elísabet Júlíusdóttir og Ragnhildur Björk Sveinsdóttir og Inga Lára Helgadóttir Þjónustumiðstöð Breiðholts	Efla góð samskipti, félagsfærni og liðsheild innan stúlknaðsins í 7. bekk Hólabrekkuskóla.

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
13	Athygli vakin – foreldrar þátttakendur ekki áhorfendur Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir	Að vekja foreldra/forráðamenn til umhugsunar um að þeir geti haft áhrif á gæði og gildi skólanna. Þeir geti stutt við börnin, nám þeirra og skólana sjálfa. Að þeir standi vörð um það sem vel gengur og séu til leiðbeiningar um það sem betur má fara.
14	Smiðjumening í Dalskóla Dalskóli, skólastjóri, kennarar, leiðbeinendur og nemendur	Í smiðjuvinnu er söguaðferðin, útikennslan og aðferðir verk- og listgreina þær aðferðir sem lagðar eru til grundvallar auk þess sem kennt er í gegnum leik. Í Dalskóla er lögð áhersla á lýðræði og virkni nemenda. Það er gert með því að nýta samræðuformið, samvinnuaðferðir og skapandi kennsluaðferðir. Nemendur í Dalskóla koma reglulega fram á sviði og sýna þar afrakstur vinnu sinnar með ýmsum aðferðum. Dalskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og eru smiðjurnar nýttar við að blanda saman öllum þátttakendum úr skólanum með mismunandi leiðum. Kennarar færast til og vinna því ekki alltaf saman frá einni smiðju til annarrar auk þess sem nemendur tilheyra nýjum smiðjuhópi í hverri smiðju. Á þann hátt nýtist mannauður skólans einkar vel og nemendur þjálfast í umburðarlyndi og samvinnu. Verkefnin breytast á sex vikna fresti.
15	Stórar morgunstundir í Brekkubæjarskóla Brekkubæjarskóli	Að auka samskipti heimilis og skóla og að fá foreldra til að taka þátt í viðburðum á vegum skólans.
16	Sumarkaffi foreldrafélags Garðasels Foreldrafélag leikskólans Garðasels	Markmiðið með sumarkaffinu er að sameina foreldrahópinn í fjáröflun fyrir skemmti- og ferðasjóð barnanna í Garðaseli og opna skólann fyrir gestum og velunnurum hans. Foreldrar taka þátt í vinnunni og leggja jafnframt til allt meðlæti á kaffihlaðborðið sem biður þeirra fjölda gesta sem sækja leikskólann heim þennan dag.

NR.	TILNEFNINGAR	MARKMIÐ
17	Bók í hönd og þér halda engin bönd: Að efla mál- og læsisþroska leikskólubarna með lestri bóka Árdís Hrönn Jónsdóttir	Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að efla mál- og læsisþroska barnanna með bóklestri, leggja áherslu á orðaforða og hlustunarskilning. Hins vegar að börnin rækti með sér ánægju af bókum og að auka veg bóka í starfi leikskólans. Auk þess er markmið að fræða foreldra um mikilvægi bókalesturs fyrir mál- og læsisþroska barna og kynna fyrir þeim aðferðir við bókalestur sem verið er að þróa í leikskólanum.
18	Jóla- og góðgerðardagur Foreldrafélag Álftanesskóla	Efla samstarf og láta gott af sér leiða. Verkefnið hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður í samstarfi við hin ýmsu félög og einstaklinga í samfélaginu undir forystu foreldrafélags Álftanesskóla.
19	Föstudagsfjör Kennarar á yngsta- og miðstigi Rímaskóla	Efla samheldni í bekkjum. Efla tengsl foreldra við skólann. Brjóta upp starfið innan skólans.
20	Þorpið – þekkingarsamfélag Ragnheiður Kristinsdóttir iðjubjálfi og foreldri í Laugarnesskóla	Verkefnið er starfrækt innan Laugarnesskóla og miðar að því að styðja við foreldra þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning innan skólakerfisins. Verkefnið er jafningjafræðsla og þekkingarmiðlun og er markmiðið að gefa foreldrum tækifæri til að hittast, miðla upplýsingum sín á milli, styrkja hvert annað og ekki síst að miðla gagnlegum upplýsingum til skólans. Verkefnið er samvinnuverkefni milli foreldra annars vegar og milli foreldra og skólans hins vegar. Verkefnið er sérstaklega ætlað þeim foreldrum sem eiga börn sem glíma við frávik, fatlanir eða veikindi af ýmsu tagi. Einnig fyrir þá foreldra sem eiga börn á hinu svokallaða „gráa svæði“ en það eru börn sem ekki hafa fengið greiningu en þurfa samt sem áður á stuðningi að halda.